

## 101. fundur

Fimmtudagurinn 8.  
Teams



## Stúdentaráðs

júní 2023 kl. 14:00 á

**Fundaritari: Hanna Karin**

### Mættir:

Sólveig Birna (forseti), Hanna Karin (varaforseti), Ragnheiður Rós (fjármálastjóri), Lilja, Fanney, Erla, Rakel, Berglind Una, Cristina, Páll, Hildur, Silja, Söldís (mætti í 10 mín)

**Fundur settur 14:03**

## Fundardagskrá

### 1. Stefnumótun 2024-2020

- Elín Díanna ræddi við okkur um stefnumótun. Þessi vinna hefur verið í gangi frá síðasta október. Tveir fundir, annar í október og hinn í febrúar og hefur þetta verið að mótast síðasta vetur. Elín fór í gegnum pdf skjal með okkur og útskýrði í stórum dráttum hvað þetta felur í sér. Hlutverk Háskólans á Akureyri er að “skapa fjölbreytt tækifæri til háskólanáms og rannsókna sem standast ströngustu gæðakröfur í öflugri miðstöð fræða á norðurslóðum”
- Hvernig byggjum við upp háskólasamfélag sem er ekki einungis með þeim sem eru á staðnum heldur líka þeir sem eru að stunda nám í fjarnámi
- Hún fór einnig í gegnum stefnuáherslur og markmið sem er m.a. ábyrgð og traust, eftirsóknarvert umhverfi til náms og rannsókna, öflugir innviðir og sterk stoðþjónusta, eftirsóknarverður valkostur hæfileikafólks (inngilding að leiðarljósi)
- Síðan fór hún í verkefnastofna sem er verið að stefna að því að vinna að
- Það kom upp sú hugmynd að halda opinn fund með stúdentum (lok águst eða byrjun september) Þar gætum við fengið góðar hugmyndir sem leiðir okkur áfram til hins betra.

- Við í stúdentaráði munum ákveða tíma og hvernig við viljum hafa þetta.

## **2. Nýnemadagar**

- Aðildafélög þurfa að bóka stað til að halda nýnemakvöld. Það þarf helst að vera á sama degi og nýnemadagarnir.
- Sólveig hvatti okkur til að hvetja aðra stjórnarmeðlimi til að taka þátt í undirbúningi fyrir nýnemadaga og skrá sig á vaktir í skjalið.
- Föstudagurinn er fyrir alla og þá er VBN að skipuleggja ratleik, einnig verður grill

## **3. Útilega SHA 2023**

- Útilegan er 28.-30 júlí á Hegranesi í Skagafiðri.
- Sóveig nefndi að þegar skráning hefst að aðildafélög séu dugleg að auglýsa viðburðinn.

## **4. Önnur mál**

- a. Samstörf við fyrirtæki
- Framkvæmdastjórn upplýsti stöðuna um samstörf við fyrirtæki.

**Fundi slitið 15:15**